

Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F3 2024

Góð afkoma þrátt fyrir áskoranir í rekstri

- Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á þriðja ársfjórðungi nam 8,7 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri 8,5 milljörðum.
- Áfram vex fjárhagslegur styrkur fyrirtækisins, eiginfjárlutfall er 62,4% og skuldsetning er 1,48x rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.
- Rekstrartekjur lækkuðu á tímabilinu miðað við sama tíma metársins 2023, þar sem selt magn dróst saman, verðtenging í einstökum samningi breyttist og innleystar áhættuvarnir drógust saman á milli ára.

Hörður Arnarson
Forstjóri



„Rekstur fyrirtækisins gengur áfram vel í sögulegum samanburði, þótt hann jafnist ekki á við metafermi ársins 2023. Hagnaður af grunnrekstri á þriðja ársfjórðungi nam 65 milljónum bandaríkjadala, eða rúmlega 8,7 milljörðum króna og dróst saman um 31%.

Aðstæður voru áfram krefjandi á þriðja fjórðungi. Vatnsbúskapur var sögulega lakur eftir þurrt og kalt sumar á hálendinu og litla bráðnun jökla. Rekstrartekjur drógust saman miðað við sama tímabil 2023 í takti við minna selt magn, auk breytinga á verðtengingu í samningi við stórnotanda og lækkunar innleysta áhættuvarna.

Fjárhagslegur styrkur Landsvirkjunar vex áfram. Eiginfjárlutfall er nú rúmlega 62% og lánshæfismatsfyrirtækið S&P staðfesti A- langtímaeinkunn fyrirtækisins með stöðugum horfum í lok september.“

Lykiltölur

Selt magn

3,5 TWst ↓ 4,4%

Rekstrartekjur

135 m. USD ↓ 17,5%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

65 m. USD ↓ 30,8%

Handbært fé frá rekstri


63 m. USD ↓ 44,6%

Nettó skuldir

606 m. USD ↑ 7,3%

Eiginfjárlutfall

62,4% ↑ 1,1 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F3 2024	F3 2023	%
Rekstrartekjur	134,9	163,6	-17,5%
EBITDA	92,0	123,0	-25,2%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	65,0	94,0	-30,8%
Raforkusala (TWst)	3,5	3,7	-4,4%

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi lækka á milli ára sem skýrist aðallega af áhrifum innleysta áhættuvarna. Einnig hefur lakur vatnsbúskapur áhrif á raforkusölu sem dregst saman á milli ára.


Hagnaður af grunnrekstri (hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði) lækkar samhlíða tekjum.



Efnahagur

Milljónir USD	30.9. 2024	30.9. 2023	%
Eignir samtals	3.609,5	3.773,7	-4,4%
Skuldir samtals	1.356,3	1.459,2	-7,1%
Nettó skuldir	606,0	564,8	7,3%
Eiginfjárlutfall	62,4%	61,3%	1,1 prst.

Nettó skuldir hækka miðað við sama tíma á síðasta ári en lækka miðað við lok árs 2023 eins og sést á mynd hér fyrir neðan. Eiginfjárlutfallið er nú 62,4% og hefur styrkst mikið undanfarin ár. Matsfyrirtækið Moody' s hefur hækkað láns hæfismat Landsvirkjunar úr Baa1 í A3. Samhliða hefur Moody' s breytt horfum á láns hæfi Landsvirkjunar úr jákvæðum horfum í stöðugar.



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F3 2024	F3 2023	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	87,7	119,7	-26,7%
Handbært fé frá rekstri	63,0	113,8	-44,6%
Fjárfestingar	26,5	16,9	57,3%
Fjármögnun	-12,9	-42,5	-69,7%

Fjármunamyndun heldur áfram að vera sterk þó hún lækki frá fyrra ári. Handbært fé frá rekstri lækkar um 45% á milli ára og nemur 63 m. bandaríkjadala á ársfjórðungnum.

